

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
Þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á

vigfus@hafnarfjordur.is.

Þá eru vel þegnar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 20.TBL.

13. FEBRÚAR 2009

Allir skipulagsdagar sameiginlegir næsta skólaár

Í vikunni var samþykkt í fræðsluráði að skipulagsdagar grunnskóla skólaárið 2009-2010 verði allir sameiginlegir. Þeir verða sem hér segir:

- 29. september 2009
- 18. nóvember 2009
- 4. janúar 2010
- 26. febrúar 2010
- 25. maí 2010

Þá var samþykkt að vildu grunnskólar taka vetrarfrí skal það tekið dagana 29. og 30. október. Fyrsti skóladagur nemenda næsta haust verður föstudagur 21. ágúst.

Leikskólar í Hafnarfirði munu fá fimm skipulagsdaga næsta vetur, í stað fjögurra núna. Á fræðsluráðsfundi var ákveðið að þeir skyldu vera á þeim dögum sem grunnskólar taka skipu-

lagsdaga. Ástæða þess að fræðslufirvöld fara þessa leið að sameina algjörlega skipulagsdaga leik- og grunnskóla næsta vetur er að styðja við fjölskyldufólk. Það ætti að leiða til þess að þeir dagar verði færri sem foreldrar þurfi að leysa yfir vetrartímann með

gæslu fyrir börn sín. Fyrir utan þessa daga bætast við vetrarfrí og foreldraviðtalsdagar.

Grunnskólarnir skila síðan endanlegu skóladagatali til fræðsluráðs fyrir 18. febrúar til Skólaskrifstofu.



Vina- og skólafærnidagar í Engidalsskóla

Vina- og skólafærnidagar voru haldnir 3.-5. febrúar sl. í Engidalsskóla.

Allir nemendur skólans í 1.-7. bekk tóku þátt. Markmið þessara daga var að kynna og festa í sessi skilning á reglum skólans og nýta jafningjafræðslu þannig að nemendur kenndu hver öðrum.

Nemendur í 1.-6. bekk eignuðust vinabekk og þeir unnu saman að sameiginlegu verkefni. Hver bekkur fékk úthlutað ákveðnu viðfangsefni innan reglufönlunnar og útfærði að vild. Nemendur voru afar hugmyndaríkir í útfærslu, s.s. með stuttmyndagerð, leikriti, teikningum,

veggspjöldum og gáfu auk þess út fréttabréf. Listaverkunum var síðan komið fyrir til sýnis á göngum skólans. Allir árgangar gerðu handafar úr verðlausu efni og límdu á vinnu Engidalsskóla.

Endað var með skólafærni hátíð á sal og sáu nemendur í 7. bekk um skemmtiatriði.

Boðið var uppá súkkulaðiköku sem nemendur í 7. bekk bökuðu og ávaxtasafi drukkinn með.



Skólaþróun



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 9. febrúar
175. fundur:

- Tekin til umfjöllunar tillaga frá Sjálfstæðisflokki um að lækka verð máltíða í grunn-skólum sem verði aldrei hærra en kr. 4.500 á mánuði og systkinaafslátt. Ákvörðun frestað.
- Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneyti um niðurstöður á úttekt á sjálfsmatsaðferðum fjögurra grunn-skóla í hafnarfirði.
- Kynnt námskeiðahandbók grunnskóla fyrir vorönn 2009 og þátttaka á haustönn 2008.
- Fræðsluráð ætlar að fá kynningu á skólanámskrám grunnskólanna á vorönn 2009. Fyrsti skólinn kynnti sína námskrá á fundinum og var það Hvaleyrarskóli.
- Lögð fram tillaga að fimm skipulagsdögum, vetrarfrii og fyrsta skóladegi næsta skólaárs. Mótmæli bókuð frá tveimur skólustjórum. Samþykkt með þremur atkvæðum en tveir sátu hjá. Bókun frá fulltrúa Sjálfstæðisflokks.
- Seinni umræða um starfs-skýrslu fræðslusviðs 2009, **Að settu marki.**

Tilkynning vikunnar

Skólavefritið verður í frí næsta föstudag og kemur því næst út að tveimur vikum liðnum (í vetrarfrii sumra skóla) en gildir fyrir vikuna þar á eftir.

Næsta blað
Skólavefritsins er
væntanlegt föstudaginn
27. febrúar 2009

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

» Frá Námsgagnastofnun: Opnaður hefur verið fræðsluvefur í jarðfræði, [Jarðfræðivefurinn](#). Áhersla vefsins verður á eldgos, jarðskjálfta og uppbyggingu jarðar. Er enn í vinnslu. Við stærðfræðiefnið **Sproti 1** er komið lag sem hægt er að hlaða niður af vef Námsgagnastofnunar, með undirleik með eða án söngs. **Adventure Island of English Words / Orðasjóður** er kassi með 311 myndaspjöldum í stærðinni 15x15 cm. sem eru ætluð til kennslu í íslensku og ensku. Með efninu fylgja á annað hundrað vinnublöð, sem skiptast í 28 þemu til að velja úr, til útprentunar á vef. Vinnublöðin eru bæði í enskri og íslenski útgáfu. Með ensku útgáfunni er kennarahandbók fánleg í litlu hefti. Þar er að finna ítarlega leið-

beiningar um notkun efnisins til enskukennslu. Með íslensku útgáfunni er kennarahandbókin á vefnum með verk-efnunum. Það nýttist nemendum með annað móðurmál en íslensku og má einnig nota á fjölbreyttan hátt í námi.



Í heilsdagsskóla
Hvaleyrarskóla.

Forrit til leikja, þjálfunar og fræðslu

Fríforrit vikunnar eru forrit sem nýtast til leikja-gerðar, þjálfunar og kennslu.

Leikjaforrit: Hér eru skilgreind forrit sem búa til leiki eða nýtast til kennsluleikja. Dæmi um slíkt er forritið [Game Maker](#) sem býr til leiki. [Academic Skill Builder](#) er vefur með aðgang að kennsluleikjum.

Þjálfunarforrit: [Typing Web](#) og [Touch Typing](#) eru þjálfunarforrit í fingrasetningu á vefnum. [Spreader](#) er þjálfunarforrit í hraðlestri á vefnum. Notandi setur tölvutækan texta inn í for-

ritið og velur hraðann sem textinn birtist á skjánum og æfir þannig hraðlestur.

[Mobysaurus](#) er samheita-orðabókarforrit í ensku á vefnum. [DotstoDots](#) færir þér myndir með tölum til að draga línur eftir (teikna).

Kennsluforrit: [Eclipse-Crosswords](#) býr til krossgátur fyrir kennslu. [Google Earth](#) færir þér nýja sýn á veröldina, [Virtual Lab](#) er forrit sem sýndarsmásja með innbyggðar myndir af smádyrum. Hún sýnir ýmislegt sem ekki er sjáanlegt berum augum. [World Wide](#)

Fríhugbúnaður

[Telescope](#) sýnir þér geiminn utan jarðarinnar. [NasaWorld Wind](#) sýnir þér veðurkerfi heimsins í boði NASA. [Kali](#) er forrit til mynsturgerðar í margs konar tilgangi. [Celestia](#) er geimgervill sem ferðast með þig um himingeiminn.

Þessi forrit eru af ýmsu tagi. Ef þú veist um fleiri forrit sem henta vel til kennslu þægi ritstjóri að fá póst um slíkt.

Öll þessi forrit, og fleiri til, er hægt að nálgast í gegnum vef Samtaka áhugafólks um skólaþróun (sjá vefslóð) eða í gegnum krækjurnar hér á bak við heiti forritanna.

VEFSLÓÐ: <http://www.skolathroun.is/?pageid=48>

Námskeiðahaldið í næstu viku

Vefhornið

16. feb. mánudagur:

- **Hraðlestrarnám í 9. bekk í Setbergsskóla** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-16.30.
- **Erlend börn í list- og verkgreinum** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17
- **Grunnámskeið í myndvinnslu (Paint.net)** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17.
- **Listmeðferð - að efla fagvitund á skapandi hátt** í Setbergsskóla kl. 15-17.
- **Brottfall í íþróttum og mögulegar lausnir** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. **FELLUR NIÐUR.**

20. feb. föstudagur

- **Áherslur og inntak í kennaramenntun** í Menntasetrinu við Lækinn kl. 14-15.
- **Að nýta LOGOS í greiningum og lestrarstuðningi** á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 14-16.

VEFSLÓÐ: http://www.hafnarfjordur.is/hafnarfjordur/stjornsysla/raedslusviid/skolaskrifstofa/raedslustarfssemi_skolaskrifstofu/